

23. fundur hverfisnefndar Lunda- og Gerðahverfis haldinn þann 22. október 2007.

Mættir: Bryndís Elfa Valdemarsdóttir, Ingibjörg Baldursdóttir, Ingvar Þóroddsson, Sædís Gunnarsdóttir.

Hverfisnefnd gekk endanlega frá verkaskiptingu sem er:

- Formaður: Sædís Gunnarsdóttir.
- Varaformaður: Ingvar Þóroddsson.
- Ritari: Ingibjörg Baldursdóttir.
- Gjaldkeri: Aðalbjörn Pálsson.
- Meðstjórnandi: Bryndís Elfa Valdemarsdóttir.
- Varamenn: Arnar Már Sigurðsson, Ólafur Jónsson og Sigfús Karlsson.

Ákveðið var að hafa samband við skólastjóra Lundarskóla og formann foreldrafélags Lundarskóla og kanna undirtektir varðandi opið umræðukvöld eða málþing um málefnið öryggi barna á leið í og úr skóla. Sædís tók að sér að tala við skólastjóra en Ingibjörg að heyra í formanni foreldrafélagsins.

Sædís tók að sér að heyra í skólastjóra varðandi vorhátíðina.

Ákveðið var að halda áfram verkefnum er snúa að umferðaröryggi, að leita fjárstyrkja í endurskinsmerki og hraðakassa. Nefndarmenn skipta með sér þeirri vinnu.

Næsti fundur ákveðinn 20. nóvember.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið 21:30.

Ritari Ingibjörg.